



## Hreppsnefnd 08.05.08

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 8. maí 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson, Þórdís Þorbergsdóttir og Kristín H. Reynisdóttir.  
Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 17. apríl sl.  
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 17. apríl sl.  
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 17. apríl sl.  
Lögð fram til kynningar fundargerð fræðslunefndarnefndar frá 17. apríl sl.

3. mál. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 29. apríl sl.  
Lögð fram fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 29. apríl sl.  
Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar, „Innkeyrsla í þéttbýli Vopnafjarðar“, lagði hann fram uppdrætti er sýna fyrirhugaða legu vegarins og gerði grein fyrir helstu atriðum uppdráttanna. Fór fram allmikil umræða um málið þar sem nefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Kvaddi sveitarstjóri sér einnig hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar, „Vopnafjarðarhöfn deiliskipulagstillaga“. Lögð var fram ný deiliskipulags-tillaga unnin af Teikn á lofti ásamt greinargerð dags. 29. apríl 2008. Lýsti hann fyrirleggjandi deiliskipulagstillögu og gerði grein fyrir meginatriðum hennar og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.  
Samþykkt að fresta afgreiðslu 3. tl. til næsta fundar hreppsnefndar. Fundargerðin byggingarnefndar að öðru leyti samþykkt með 6 atkv., 1 sat hjá.

4. mál. Hafnarnefndarfundur frá 2. maí sl.  
Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 2. maí sl.  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. mál. Rarik, varaafli Vopnafirði, sbr. bréf dags. 29. apríl sl.  
Lagt fram bréf frá RARIK, dags. 29. apríl sl., þar sem fyrirtækið gerir grein fyrir kaupum á nýjum díselvélum, sem tryggja eiga varaafli fyrir Vopnafjörð. Jafnframt lýsir fyrirtækið hugmyndum sínum um að byggja yfir vélarnar við aðveitustöð RARIK á Búðaröxl.  
Málinu vísað til kynningar í skipulags- og byggingarnefnd.

6. mál. Byggðakvóti 2007/2008, bréf ráðuneytisins og umsókn.  
Lagt fram bréf Sjávarútvegsráðuneytisins varðandi úthlutun á byggðakvóta kvótaárið 2007/2008. Jafnframt lögð fram umsókn sveitarfélagsins um byggðakvóta. Fram fór nokkur umræða um málið og voru nefndarmenn á einu máli að til skiptanna væri allt of lítil kvóti.  
Málinu vísað til atvinnumálanefndar.

7. mál. Aðalfundur Slátufélags Vopnfirðinga.- Ályktun  
Lögð fram fundargerð Sláturfélags Vopnfirðinga frá 26. apríl sl. Jafnframt lagt fram bréf framkvæmdastjóra félagsins, þar sem óskað er eftir stuðningi hreppsnefndar við svofellda ályktun, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins: „Aðalfundur Sláturfélags Vopnfirðinga haldinn 26. apríl 2008 skorar á Aþingi að fresta afgreiðslu frumvarps um upptöku matvælalöggjafar ESB, þar til

málið hefur fengið eðlilega umfjöllun allra hagsmunaaðila.“

Allmiklar umræður urðu síðan um fyrirbyggjandi ályktun, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að taka undir fyrirbyggjandi ályktun aðalfundar Sláturfélags Vopnfirðinga.

8. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Bréf SSA varðandi svokallaða Norðausturnefnd

Gerð grein fyrir stöðu mála. Nokkur umræða fór síðan fram þar sem nefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og væntingum til vinnu Norðausturnefndar.

Oddviti kvaddi sér hljóðs í lok fundar og óskaði eftir samþykki nefndar að fundað yrði í hádegi miðvikudagsins 14. maí n. k. þar sem fyrri umræða um ársreikning fer fram. Var það samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.